

## Enska 4. bækur

Kennarar: Erla Þórey Ólafsdóttir og Sif Hauksdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 1 kennslustundir á viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir ensku eru sett fram í fjórum flokkum.

### *Hlustun*

- Að nemandi geti skilið einföld samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og byrjað að nýta sér í ræðu og riti. Að nemandi skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### *Lesskilningur*

- Að nemandi geti lesið stutta texta og auðlesna af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda grunnorðaförða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, fundið afmarkaðar upplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, lesið sér til gagns og gamans stuttar auðlesnar bækur.

### *Samskipti og frásögn*

- Að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með orðaförða sem tengist efnistöfum

### *Ritun*

- Að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki. Að nemendi geti lýst í einföldu máli því sem hann hefur lesið.

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag: *með fyrirvara um breytingar*

Námsleiðir:

Lögð er áhersla á leik og skapandi vinnu við þjálfun færniþáttanna hlustun, lestur, samskipti og frásögn. Stuðst er við kennsluáðferðir eins og hópvinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Nemendur vinna hópverkefni þar sem nemendur þjálfast í

samvinnu. Nemendur kynna verkefni fyrir bekkjarfélögum. Nemendur lesa a.m.k. eina léttlestrarbók og skila umsögn.

#### Námsefni:

Vinum með árstíðirnar, Mat og menningu, teiknimyndir og áhugamál, Yes we can 6, lesbók og vinnubók. Léttlestrarbækur. Valið lesefni tengt hinum ýmsu þemaverkefnum. Málfræðiæfingar. Gagnvirkt efni sem eflir orðaforða og verkefni frá kennara.

#### Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Matstæki kennara eru kaflapróf, annarpróf, kynningar, mat á vinnubrögð við verkefni, sjálfsmat nemenda. Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Einkunnir eru gefnar í umsögnum.

ágúst – september	Unnið með liti, tölur, vikudaga, mánuði. Samtal og frásögn
September	Yes, we can 6 – lesbók og vinnubók  What do you want to do when you grow up? – Lesum saman textann í bókinni og búum til orðalista. Ræðum saman um hvert er draumastarf nemenda og af hverju? Nemendur búa til frásögn/plakat um draumastarfið.  The dot - Hlustum saman á textann the dot og búum til orðalista. Nemendur skapa listaverk í anda Peters og segja frá því á ensku.  Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins.
Október	Yes, we can 6 – lesbók og vinnubók  Haustið og náttúran - Kynna orðaforða tengdan haustinu (árstíðir, laufblöð, veðurfar, litir).  Málfræði: a og an  Ævintýra – nemendur gera söguna í stopp motion og tala inn á myndina á ensku.

	<p>Halloween: Halloween Story Writing</p> <p>Nemendur skrifa stutta myndasögu/skrímulasögu. Þeir geta valið persónur (skrímuli, ofurhetjur, vampýrur) og þróað sögu um ævintýri þeirra. Lesa sögurnar fyrir samnemendur.</p> <p>Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins.</p>
Nóvember	<p>Yes, we can - lesbók og vinnubók</p> <p>Lestur nemenda í léttlestrarbók -</p> <p>Málfræðiæfingar og orðaforðaverkefni – this and that</p> <p>Nemendur taka þátt í gerð stuttmynda og flytja fyrir samnemendur.</p> <p>Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins.</p>
Desember	<p>Yes, we can 6 – lesbók og vinnubók</p> <p>Jólaverkefni - Búum til jólaskemmtun/verkefni. Nemendur skipulegga jólaboð fyrir bekkinn sinn. Verkefnið felur í sér að búa til dagskrá, velja hvað verður boðið uppá í mat og drykk, skreytingum og svo frh.</p> <p>Nemendur vinna í hópum til að deila verkum og ábyrgðum, svo allir fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Að lokum munu þeir kynna sína útfærslu fyrir bekknum.</p> <p>Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins.</p>

